

Skólanámskrá Jörfa



Leikur - gleði - virðing

Efnisyfirlit

Skólanámskrá Jörfa	3
Leikskólinn Jörfi	4
Leiðarljós leikskólans	4
Einkunnarorð Jörfa	4
Hugmyndafræði Jörfa	5
Námsumhverfi	7
Leikur og nám	7
Könnunarleikurinn	8
Byggingaleikir	8
Daglegt líf í leikskólanum	8
Námsvið leikskólans	9
Læsi og samskipti	9
Sjálfbærni og vísindi	11
Útinám	13
Lýðræði og jafnrétti	13
Heilbrigði og vellíðan	14
Sköpun og menning	16
Mat á námi og velferð barna	18
Innra mat	18
Ytra mat leikskóla	18
Fjölskyldan og leikskólinn	19
Aðlögun nýrra barna	19
Foreldrafélag og foreldraráð	20
Tengsl skólastiga	21
Tengsl við aðrar stofnanir og samfélagið	21
Starfsáætlun	22
Lokaorð	23
Lesefni sem stuðst er við	24

Skólanámsskrá Jörfa

Námsskrá leikskólans Jörfa byggir á Aðalnámsskrá leikskóla sem gefin var út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu árið 2011 og lögum um leikskóla (nr. 90/2008).

Námsskráin er rammi um skólastarfið á fyrsta skólastiginu ásamt því að vera leiðsögn um tilgang þess og markmið. Í formála aðalnámsskrár segir að miklu skipti að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkt geta einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi.

Í Aðalnámsskrá segir að samræma skuli menntun, uppeldi og umönnun leikskólabarna að því marki sem þörf er talin á. Það er einnig farvegur til að tryggja jafnrétti allra barna til menntunar og uppeldis í leikskólum landsins.

Áhersla er lögð á að kennarar og stjórnendur í leikskólum fái svigrúm til að þróa leikskólastarfið á faglegan og skapandi hátt. Skólanámsskrá á að vera sáttmáli um uppeldi og nám barna í leikskólanum.

Leiðarljós við námsskrárgerð eru eftirfarandi grunnþættir menntunar: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun, heilbrigði og velferð.

Leikskóli á að vera lýðræðislegur vettvangur og lærdómssamfélag þar sem starfsfólk, foreldrar og börn eru virkir þátttakendur og hafa áhrif á ákvarðanir og málefni leikskólans.

Skólanámsskrá á að vera sýnileg, lifandi og í sífelldri endurskoðun.

Leikskólinn Jörfi

Leikskólinn Jörfi er staðsettur við Hæðargarð í Reykjavík. Hann tók til starfa þann 1. ágúst 1997. Hluti barna og kennara sem áður tilheyrðu leikskólanum Staðarborg fluttist yfir í Jörfa en einnig komu inn ný börn og nýir kennarar. Jörfi var byggður sem fjögurra deilda leikskóli en það kom í ljós stuttu áður en hann opnaði að þörfin fyrir leikskólarými í hverfinu var meiri en áætlað var og því var fimmtu deildinni bætt við í lausri kennslustofu á lóðinni. Deildirnar eru Hlíð, Holt, Laut, Lundur og Sel og í skólanum er rými fyrir 97 börn á aldrinum 1- 6 ára. Fjöldi kennara fer eftir starfshlutfalli og samsetningu barnahópsins. Aðbúnaður og staðsetning leikskólans er góð með ýmsum möguleikum til útivistar. Í göngufæri eru Hákonarlundur, Elliðaárdalur, Fossvogsdalur og Laugardalur ásamt mörgum öðrum grænum svæðum og gördum. Rekstur og stjórn leikskólans fellur undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS).

Leiðarljós leikskólans

Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins og upphaf formlegrar menntunar. Í Jörfa er lögð áhersla á þarfir og þroska barna svo hvert þeirra fái notið sín sem best á eigin forsendum til að styrkja sjálfsmynd sína. Lögð er áhersla á sjálfstæði og frumkvæði og hvetjum við hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér. Viðhorf starfsfólks, jákvætt samstarf foreldra, samvinna og traust er grundvöllur að farsælu námi barnanna í skólanum. Mikilvægt er að þessir aðilar myndi gott samstarf. Við leggjum áherslu á hvetjandi námsumhverfi og það stuðli að öryggi þeirra og vellíðan. Einkunnarorð leikskólans eru *leikur*, *gleði* og *virðing* og eru þau einnig leiðarljós í öllu starfi í Jörfa.

Einkunnarorð Jörfa

Leikur

Ein mikilvægasta náms- og þroskaleið barna er leikurinn. Námið þeirra fer fram í leiknum og er grunnur fyrir frekara nám. Þau læra að vinna saman og taka tillit til hvers annars, leika á eigin forsendum og stjórna leikferlinu sjálf. Það er leikur að læra.

Gleði

Sá sem er glaðvær er öðrum gleðigjafi og léttir þeim lífið.

Gleði er inni í okkur öllum og sprettur af þeirri tilfinningu að finna gagnkvæma elsku og umhyggju annarra. Við erum glöð þegar við finnum að við getum og kunnum. Hlátur er hollur fyrir sálina og eflir glaðværdina.

Virðing

Virðing felur í sér að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Sá sem hefur virðingu að leiðarljósi er sáttur við sjálfan sig, kemur vel fram við aðra, hlustar á þeirra sjónarmið og veit að þeir eru mikils virði.

Hugmyndafræði Jörfa

Leikskólauppeldi byggist á sérstökum uppeldisaðferðum og hugmyndafræði. Við sækjum hugmyndir til ýmissa kenninga og fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast. Í Jörfa er lögð sérstök áhersla á lífsleikni og tökum við mið af kenningum John Deweys og Caroline Pratt.

Hugmyndafræði John Deweys byggir á uppgötvunarnámi barna, það er að börn læri í gegnum leikinn með því að prófa sig áfram. Uppgötvunarnámið felst í því að rannsaka, skoða, kanna, draga ályktanir og læra af niðurstöðunni. Lögð er áhersla á að samskipti barns og fullorðins, á viðfangsefninu, sé forsenda þess að það nýtist til náms. Haft er í huga það sem Dewey sagði: „það sem besta og vitrasta foreldri vill barninu sínu til handa verður samfélagið að vilja fyrir öll börn“. Lögð er áhersla á jákvæða sjálfsmynd, sjálfstæði og frumkvæði í uppeldinu. Áhugi, sköpun og skoðanir eru virtar í samspili barna við fullorðna og annað umhverfi. Fullorðnir eru lykilpersónur í lífi barna við að skapa þeim tækifæri til aukins þroska. Grunnhugmyndir uppeldisstefnu Johns Deweys byggjast á hugmyndum sem skýrast á einfaldan hátt með einkunnarorðunum: „*learning by doing*“, það er að læra með því að framkvæma.



Learning by doing

John Dewey

Skólanámskrá Jörfa



Uppeldisfrömuðurinn *Caroline Pratt* hannaði svokallaða einingakubba (unit- blocks og hollow blocks) og eru þeir notaðir í Jörfa samkvæmt hugmyndafræði hennar. Þeir eru úr gegnheilum hlýni og ganga stærðfræðilega hver upp í annan. Hugmyndafræðina sótti hún að hluta til Johns Deweys.

Bæði töldu þau að nám væri árangursríkast þegar barnið réði ferðinni sjálft. Hinn fullorðni á að vera til staðar og efna til sjálfstæðrar skapandi hugsunar og umræðna meðal ba

rnanna sem leiða þau áfram í þekkingarleit. Að læra um eiginleika efnis er grundvöllur vísindanáms. Börn læra smám saman um eiginleika kubbanna og mismun þeirra og læra að bera þá saman. Vinna með kubbana eflir alla þroskaþætti, kubbarnir eru námsefnið og leikurinn námsleiðin. Hugmyndafræði einingakubbanna er fyrst og fremst að börn læri á sínum eigin forsendum. Þeir veita barni ánægju og gefa marga möguleika þar sem sköpunargleði og frumkvæði barnsins er í brennidepli.

Í Jörfa vinnum við einnig með hugmyndafræði og gildi Barnaheilla, sem mikilvægt er að séu samofin öðru starfi í leikskólanum. Vináttuverkefni Barnaheilla byggir á raunhæfum verkefnum fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Þátttaka allra í þessu forvarnarverkefni er grundvöllur þess að vel takist til. Grunnildi vináttuverkefnisins eru: *umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki*. Vinátta felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því.

Raddir barna:

„Mig langar svo í einhyrningakubba.“

„Að vera vinur er að vera góður við aðra.“

Hugmyndafræði þessara tveggja kennismiða auk vináttuverkefnis Barnaheilla skapa leiðir starfsmanna til að uppfylla kröfur Aðalnámskrár leikskóla og framfylgja lögum um leikskóla.

Í Jörfa er tekið mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem er hluti af íslenskum lögum. Hann er mikilvægur samningur um réttindi barna og þar er að finna reglur um framkomu við börn og mikilvægi þess að þau njóti alls þess sem þau þurfa til að þroskast og lifa góðu lífi. Börn eiga að njóta sérstakra mannréttinda óháð réttindum hinna fullorðnu.

Öll börn í heiminum frá 0 til 18 ára eiga að njóta sömu réttinda.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Námsumhverfi

Vinnuumhverfi barna í Jörfa á að vera fjölbreytt og efniviður og verkefni eiga að gefa þeim tækifæri til að þróa vinnu og leik í samræmi við áhugahvöt og þroska. Þannig verður til reynsla og upplifun sem er grunnur að næsta skrefi í þroskaferli þeirra.

Í Jörfa nýtum við þau opnu svæði og náttúruna sem er allt í kring. Það gefur okkur mörg tækifæri til að vinna með börnunum utandyra að ýmsum verkefnum tengdum náttúrunni. Við nýtum opin svæði til útináms sem skapar fjölbreyttar aðstæður til leikja. Nærumhverfið býður upp á margvíslegar vettvangsferðir með ólíkum upplifunum.

Innandyrar er reynt að nýta húsnæði leikskólans eins vel og kostur er. Boðið er upp á fjölbreytt leikefni, svo sem einingakubba, holukubba, kaplakubba, ýmiss konar leir, málningu, liti og pappír þar sem börnin fá tækifæri til að skapa og finna lausnir. Einnig er boðið upp á leikefni sem hafa fyrirfram ákveðnar lausnir eins og til dæmis púsl, perlur, spil, dúkkur, dýr og bíla. Námsumhverfið er því örvandi úti sem inni.

Segðu mér og ég gleymi

Sýndu mér og ég man

Leyfðu mér að reyna og ég skil
(Konfusíus)

Það læra börn sem fyrir þeim er haft

Leikur og nám



Leikurinn er eðlilegasta tjáningarform barnsins og er kjarninn í öllu uppeldisstarfi Jörfa. Í leiknum og daglegum athöfnum lærir barnið að gera hlutina sjálf. Í bernsku felur leikur í sér nám. Af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Í gegnum leikinn lærir barnið að tjá tilfinningar sínar og upplifanir. Í honum fær barnið einnig sköpunar- og hreyfipörf sinni

fullnægt. Leikurinn er hornsteinn náms og uppeldis í leikskóla. Lögð er áhersla á fjölbreytt og hvetjandi leikumhverfi sé þar sem frjáls og skapandi leikur fær notið sín. Einnig er mikilvægt að leikbúnaður hæfi aldri og þroska barnsins auk þess sem öryggis þess sé gætt.

Börn þurfa að fá viðfangsefni sem hvetja þau til að handfjatla, rannsaka og velta fyrir sér mögulegum úrlausnum. Í gegnum leikinn læra þau samningaviðræður, málamiðlun og jafnframt að standa á eigin skoðunum. Þau læra með því að prófa sig áfram án þess að vera bent á einföldustu leiðina. Frágangur er hluti af leik barnanna. Þannig verður hann sjálfsgæður þáttur í lífi þeirra. Ávallt skal taka mið af því að barnið er hæfileikaríkur og getumikill einstaklingur sem kann, getur og vill.

Könnunarleikurinn

Könnunarleikurinn er hluti af námsumhverfi yngstu barnanna. Þar fá þau að leika sér með óhefðbundinn efnivið svo sem keðjur, lykla, dósir og annað sem til fellur frá heimilum og leikskólum. Markmið með könnunarleiknum er að gefa börnum tækifæri til að auka reynslu sína og virkja áhugahvöt með efnivið sem hvetur þau til að skoða, prófa og kanna eiginleika hans. Börnin tæma, fylla, raða, setja saman, stafla, skoða og gera sínar tilraunir með efnið. Þau leika sér ótrufluð án fyrirmæla frá hinum fullorðna. Þau leiða leikinn sjálf, læra að hægt er að gera hlutina á margan máta og að engin niðurstaða er rétt eða röng. Í leiknum örva þau skynfæri sín með því að hlusta, skoða, snerta og smakka.

Byggingaleikir

Kubbar eru opið leikefni sem gerir börnum kleift að skapa að vild. Byggingaleikir skipa stóran sess í Jörfa og eru einingakubbar þar mest áberandi. Sjá nánar í kafla um hugmyndafræði.

Daglegt líf í leikskólanum

Daglegt líf í leikskóla markast af föstum athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barna og heilsu þeirra. Markmið náms í daglegu lífi er að börnin myndi náin tengsl og öðlist sjálfstæði, sjálfstjórn og frumkvæði. Á ákveðnum tímum matast börnin, þvo sér, hvíla sig og sofa og er dagskipulagið sniðið að þörfum þeirra með tilliti til aldurs og samsetningar barnahópsins.

Mikið nám á sér stað í daglegu lífi leikskólans. Börnin æfa sig í að leggja á borð, skammta sér mat, gæta hreinlætis og klæða sig sjálf. Þannig efla þau smátt og smátt eigið sjálfstæði. Þau þurfa að bíða þar til röðin er komin að þeim, ganga frá, sýna tillitssemi og þannig bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Með umhyggju, virðingu og hlýju að leiðarljósi nýta kennarar þau tækifæri sem gefast til að örva, hvetja og vekja áhuga barnanna við daglegar athafnir.

Í daglegum venjum vinnum við jafnframt með lífsleikni og æfum okkur í samvinnu, þolinmæði, hjálpssemi, kurteisi, virðingu og vinsemd. Hlutverk hins fullorðna í daglegu lífi er að vera til staðar, leiðbeina, hvetja, setja orð á athafnir og vera góð fyrirmynd, hvort sem er í athöfnum eða samskiptum.

Við leggjum áherslu á að tekið sé vel á móti hverju barni og forráðamönnum þess í upphafi dags og það finni að það sé velkomið í leikskólann. Einnig að sérhvert barn sé kvatt í lok dags.

Námsvið leikskólans

Námsvið leikskólans eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskóla og taka mið af sex grunnþáttum menntunar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í öllu námi sem fram fer í skólum. Í leikskólum ber að flétta áherslur þeirra inn í daglegt starf, leik og nám barna þannig að það taki mið af barninu sjálfu þroska þess og getu. Námsviðin eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Læsi og samskipti

Læsisstefna Jörfa var gefin út vorið 2015 og byggir á Aðalnámskrá leikskóla (2011). Þar koma fram helstu áherslur og aðferðir til eflingar læsis sem nýttar eru í Jörfa.

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er hugtakið læsi notað um fleiri þætti en lestur. Þar er talað um þekkingu og leikni barna til að lesa í umhverfi sitt á sem víðastan hátt. Notuð eru hugtök eins og tilfinningalæsi, talnalæsi, menningarlæsi, umhverfislæsi og stafalæsi. Til eru margar skilgreiningar á læsi en þegar talað er um læsi í víðum skilningi notum við skilgreiningu Sigrúnar Helgadóttur úr bæklingi Menntamálaráðuneytisins frá 2013, *Sjálfbærni – Grunnþættir menntunar á öllum skólastigum*. Þar segir að til séu fleiri gerðir læsis en hinn eiginlegi lestur texta. Það megi segja að læsi sé úrvinnsla alls þess sem við skynjum og sjáum.

Í Jörfa er lögð áhersla á samskipti og samræður í öllu daglegu starfi og börn hvött til að tjá sig með orðum um allar daglegar athafnir. Þau eru einnig hvött til að teikna og krita og flest í umhverfinu er merkt með orðum. Lesið er daglega fyrir börnin þar sem innihald orða og texta er rætt. Við leikum okkur með orðin í margvíslegu formi og lærum rím, þulur og ljóð. Einnig er lögð áhersla á að hafa sjónrænt skipulag sem auðveldar öllum að lesa í umhverfið sitt með sjónrænum vísbendingum. Sjá nánar í læsisstefnu Jörfa á heimasíðu leikskólans.

Tilfinningalæsi er mikilvægt í samskiptum við aðra. Að þekkja tilfinningar sínar, kunna að setja á þær orð og bregðast við þeim á viðeigandi hátt er hluti af námi í Jörfa. Þegar börn þekkja tilfinningar og hvernig þær birtast hjá þeim sjálfum hjálpar það þeim við að verða hæfari til að lesa í tilfinningar annarra og gerir þau þannig hæfari í samskiptum við aðra.



Umhverfislæsi æfa börnin m.a. í gönguferðum um hverfið og borgina, skoða lífríkið og náttúru, læra umferðarreglur og skoða mismun á byggingum og mannvirkjum.

Skólanámskrá Jörfa

Menningarlæsi æfa börnin t.d. í listsköpun, í tengslum við hefðir og hátíðir, í ferðum á listasöfn, á leiksýningum og í annarri vinnu sem tengjast listum og menningu sem nefnd er í sérstökum kafla um það.

„Klókir krakkar læra að lesa í lífið sjálf“ ber yfirheiti leikskólans á verkefni í tengslum við innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“. Stefna þessi gildir til ársins 2030 og er tilgangur hennar að ná samstöðu um framtíðaráherslur í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Leikskólinn okkar mun leggja áherslu á læsi í verkefninu. Leiðirnar sem við munum vinna með í tengslum við læsi eru m.a:

- Lubbi finnur málbein, þar sem áhersla er lögð á að tengja hljóð við staf og læra tákn hljóðsins, ásamt því að efla fjölbreyttan orðaforða barna.
- Læsisáttak 2x á ári þar sem foreldrar eru hvattir til þess að lesa bækur heima fyrir börnin sín og skrá þær niður í leikskólanum. Ásamt því að hver deild er með bókaorm sem ferðast heim í hverri viku.
- Sögustund hjá ömmu/afa er samstarfsverkefni milli eldri borgara í Hæðargarði þar sem lítill hópur af börnum heimsækir þau og fer í sögustund.
- Bókakrókar eru á hverri deild og börn eru hvött til þess að skoða bækur, einnig leggjum við áherslu á samfélagslæsi gegnum vináttuverkefni Barnaheilla.
- Áhersla verður lögð á jákvæð og lausnamiðuð samskipti bæði hjá börnum og starfsfólki. Öll börn þurfa að fá að njóta sín í samskiptum og læra að umgangast aðra af virðingu, jákvæðni og gleði, sýna samkennd og taka tillit til annarra. Sjálfsmynd barna mótast hvað mest í samskiptum við annað fólk. Starfsfólk Jörfa leggur sig fram um að vera góðar fyrirmyndir barnanna, hlusta á þau, mæta þörfum þeirra og ræða við þau af virðingu.
- Við munum einnig leggja áherslu á að gera ritmál sýnilegt á deildum þar sem hlutir verða merktir í hæð barnanna, ásamt því að hafa stafi og tölustafi sýnilega

Raddir barna:

„Í Jörfa læri ég að vera
góð við aðra.“

„Ég læri að leika
við alla vini mína.“

Raddir barna:

„Lubbi er hundur og
stundum fer hann út með
okkur.“

„Lubbi kennir okkur að
syngja og líka tákn.“

Sjálfbærni og vísindi



Börn reyna frá fyrstu tíð ýmsar aðferðir við að reyna að skilja umhverfi sitt. Þau kanna það, horfa, snerta, smakka, handfjatla, hlusta og flokka. Þau rannsaka og komast að niðurstöðum hvert fyrir sig og læra í samskiptum við umhverfi sitt. Leikskólum ber að nýta fróðleiksþorsta barna til að hjálpa þeim við að átta sig á umhverfinu, eðli þess og möguleikum. Börn eru hvött til forvitni, til að spyrja spurninga og að leita mismunandi lausna ásamt því að fá möguleika til að skoða orsakatengsl. Virðing fyrir náttúru og

umhverfi er mikilvægur þáttur í kennslunni og skólum bera að skapa börnunum tækifæri til þess að upplifa og njóta (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) á að skapa aðstæður þannig að börn fái tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir eftirfarandi atriðum. Í töflunni eru settar upp þær leiðir sem farnar eru í Jörfa til að skapa slíkar aðstæður.

Sjálfbærni og vísindi í Jörfa birtast í eftirfarandi áherslum:

Umgengni og virðing fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi	➤ Vettvangsferðir þar sem lögð er áhersla á góða umgengni hvert sem farið er ➤ Börn læra um náttúruna og það sem hana byggir, um endurvinnslu og ræktun
Hvernig vistspor og nærsamfélag geta stuðlað að sjálfbærri þróun	➤ Flokkun á pappír, plasti og lífrænum úrgangi frá öðru rusli ➤ Endurvinnsla – endurnýtanlegt efni t.d. eggjabakkar, pappaglös, og margt fleira er geymt og nýtt þegar hugurinn girnist ➤ Unnið með efnivið úr náttúrunni t.d. laufblöð og fuglaber ➤ Samstarf við eldri borgara í hverfinu ➤ Stefnt er að gerð matjurtagarðs
Hringrásir og fyrirbæri í náttúrunni	➤ Rætt er um hvað gerist í náttúrunni, dýralíf, plöntur, ljós og sól ➤ Árstíðir eru ræddar og það hvernig náttúran vaknar og sofnar ➤ Pappír er enduruninn ➤ Farið er yfir árstíðir t.d. í samveru. Á vorin koma blómin og lafin, á haustin visnar allt og á veturna er frost og snjór yfir öllu
Margvíslegar auðlindir náttúrunnar	➤ Veðurfræðingar taka veðrið á hverjum morgni og greina frá því ➤ Rætt er um mat við matarborðið, hvaðan hann kemur o.þ.h. ➤ Þurrka laufblöð, ber og strá

Skólanámskrá Jörfa

Nýting náttúrunnar	➤ Árstíðabundin vinna með efni sem til fellur t.d. lauf og ber, snjó og polla, köngla og steina
Upplýsingamiðlun, framsetning og gildi upplýsinga	➤ Deildarstjórar senda foreldrum póst með upplýsingum ➤ Setjum myndir úr starfinu á heimasíðu ➤ Ræða fréttir við börnin þ.e. hvað er að gerast í náttúrunni og umhverfinu t.d. eldgos ➤ Upplýsingamiðlun skapar umræðugrundvöll
Stærðfræðileg viðfangsefni s.s. tölur, tákn og mynstur	➤ Ýmsar leiðir notaðar til að læra liti, tölur, form, stærðir og mynstur ➤ Einingakubbar notaðir á markvissan hátt


Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfisins og félagslegra þátta. Lýðheilsa er hluti af sjálfbærni þar sem hver og einn einstaklingur lærir að bera ábyrgð á sjálfum sér og heilsu sinni. Leikskólinn þarf að skapa börnum möguleika á að kanna umhverfið sitt, uppgötva og upplifa.

Unnið er að grænum skrefum í Jörfa og erum við skóli á grænni grein og stefnum á að fá grænfánann í komandi framtíð. Það er alþjóðleg viðurkenning til þeirra skóla sem standa vel að umhverfismennt og sjálfbærni.

Samstarf Jörfa við eldri borgara í hverfinu er hluti af sjálfbærni. Samstarfið miðar að því að báðir aldurshópar njóti samskipta og samveru og eru ýmsar hefðir í því samstarfi. Börn af eldri deildum fara einu sinni í mánuði í heimsókn í félagsmiðstöðina þar sem lesið er fyrir þau, einnig eru heimsóknir og samstarf í tengslum við ýmsar hátíðir eins og þjóðhátíð og aðventu.

Útinám

Með reglulegum vettvangsferðum gefst börnunum tækifæri til að kynnast nærumhverfi sínu, örnefnum, menningu og samfélagi, dýraríki og náttúru landsins. Markmið með útinámi er að gera börnin meðvituð um hversu mikilvæg náttúran er og að þau læri að njóta hennar en einnig að auðga og auka við námsumhverfi barnanna. Í Jörfa kennum við börnunum mikilvægi þess að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og að læra að njóta náttúrunnar árið um kring til fróðleiks, hreyfingar og leiks.



Hlutverk kennarans er að ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna. Á leikskólalóðinni höfum við trjálund sem við nýtum okkur til útináms, og að auki eru stór opin svæði allt í kringum skólann. Ævintýri og gleði eru allsráðandi í útináminu þar sem börnin upplifa ákveðið frelsi og sköpunarkraft og hafa gaman af. Í útináminu vinnum við með öll námssviðin á lifandi og skemmtilegan hátt.

Lýðræði og jafnrétti

Lýðræði er skilgreint á marga vegu og í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 er talað um að lýðræðislegt leikskólastarf. Leikskólinn Jörfi leggur áherslu á lýðræðislegt leikskólastarf sem byggir á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar finna börn að þau eru hluti af hópnum og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Í samstarfi við önnur börn og fullorðna skiptast þau á skoðunum, hlusta hvert á annað, finna lausnir og miðla málum. Í daglegu starfi í Jörfa er lögð áhersla á að börn og kennarar beri virðingu og umhyggju fyrir hvort öðru, sýni tillitssemi, umburðarlyndi, samkennd og vináttu. Börnin eru hvött til að hafa frumkvæði þannig að þau séu hæfari til að taka lýðræðislegar ákvarðanir og ábyrgð í leik og starfi.

Allir eru jafnir, óháð kyni, aldri, fötlun, líkamlegum og andlegum þroska, þjóðerni og trúarbrögðum

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Börnum er gefið tækifæri til að tjá hugmyndir sínar og hafa áhrif á umhverfi sitt. Kennarar hlusta eftir skoðunum barnanna og eru meðvitaðir um mikilvægi þess að þau geti og þori að tjá sig um upplifanir sínar, skoðanir og langanir. Börnin hafa áhrif á starfið í skólanum með því að taka þátt í reglusetningu, velja sér verkefni og með því að segja sitt álit á starfinu, leiktækifærum og því hvað mætti betur fara þegar starfið er metið. Þau læra að taka ábyrgð á sér og gjörðum sínum og eldri börn aðstoða þau yngri í leik og starfi. Þau vinna að mörgum sameiginlegum verkefnum þar sem lýðræði, réttisýni og virðing einkenna samstarfið til að farsæl niðurstaða náist og læra að hlusta á aðra og virða skoðanir þeirra.

Mikilvægt er að tryggja jafnrétti í víðum skilningi til að hæfileikar allra, bæði barna og fullorðinna, fái notið sín og leikskólinn njóti þess mannauðs sem býr í hverjum og einum. Lesefni og önnur viðfangsefni í skólanum eru þannig að þau geti höfðað til allra barna. Markvisst er unnið gegn stöðluðum kynjaímyndum og staðalímyndum og leitast við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Einnig eru börnin frædd um jafnrétti til að búa þau undir jafna þátttöku í samfélaginu.

Heilbrigði og vellíðan



Leikskólabörn verja stórum hluta af vökutíma sínum í skólanum. Því er mikilvægt að skólastarfið stuðli að öryggi og vellíðan þeirra. Í Jörfa læra börnin um mikilvægi hreinlætis, að borða hollan mat, gildi hreyfingar, mikilvægi hvíldar og slökunar og fá tækifæri til að kynnst heilbrigðum lífstíl. Börn hafa ríka hreyfiþörf og er þeim eðlislægt að hreyfa sig frjálst og óhindrað en öll hreyfing stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan.

Með góðri hreyfigetu og vellíðan styrkist sjálfsmynd barna og eflir sjálfstæði þeirra. Börnin fá útrás fyrir hreyfiþörf sína bæði í frjálsum og skipulögðum hreyfistundum. Hreyfing og útivera eru samtengdir þættir.

Í útiveru og vettvangsferðum komast börnin í snertingu við náttúruna í fjölbreyttu umhverfi og fá að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Útivera eykur vellíðan þeirra og gleði, snerpu og þol og styður við líkamlegan og andlegan þroska þeirra. Markmiðið er einnig að efla: úthald, grófhreyfingar, samhæfingu, jafnvægi, liðleika og styrk.

Skólanámskrá Jörfa



Hverju barni er sýnd umhyggja t.d. með því að bregðast við persónlegum þörfum þess. Í Jörfa leitast starfsfólk við að nota virka hlustun, ígrundað hrós og vinalegt og glaðlegt viðmót með snertingu og augnsambandi. Rætt er opinskátt um tilfinningar og það að hver tilfinning á rétt á sér en við þurfum að finna henni farsælan farveg. Hvíld og rólegar stundir eiga sinn stað á hverjum degi. Þar er lögð áhersla á slökun, vináttu og tillitsemi á meðan hlustað er á tónlist eða sögulestur. Þá nýta yngri börnin

þær stundir til svefns.

Heilbrigði og vellíðan birtast í starfi Jörfa í eftirfarandi atriðum:

Hreyfing	➤ Vikulegar hreyfistundir bæði úti og inni. ➤ Fjölbreyttur efniviður, áhöld og tæki ➤ Íþróttavika einu sinni á ári
Útivist	➤ Dagleg útivist og frjáls leikur ➤ Lengri og styttri vettvangsferðir ➤ Útinám í fjölbreyttu umhverfi
Hvíld og slökun	➤ Allir hvíla sig eftir hádegismat og þeir sofa sem þurfa
Hreinlæti	➤ Lögð er áhersla á handþvott eftir salernisferðir, eftir útiveru og fyrir matmálstíma
Næring	➤ Lögð er áhersla á hollan mat og nauðsyn þess að hans sé neytt í hæfilegu magni ➤ Allir æfa sig í að smakka þann mat sem er í boði ➤ Lögð er áhersla á vatnsdrykkju

Sköpun og menning


Í Jörfa eru sköpun og menning mikilvægir þættir í skólastarfinu. Lögð er áhersla á að sköpunarkraftur og gleði barnanna fái að njóta sín í öllu daglegu starfi. Tónlist, myndlist, tjáning, sögur og leikir fléttast saman við öll námssvið leikskólans.



Hver skóli myndar sérstakt samfélag barna, kennara og foreldra sem skapa sér ákveðna menningu. Í gegn um árin hafa myndast hefðir í Jörfa í tengslum við ýmsar hátíðir í íslensku samfélagi en einnig hafa sérstakar hátíðir skapast í Jörfa en þær bera alltaf keim af þeim sem byggja skólann hverju sinni. Í hefðum felst oftast eitthvað sem gleður hug og hjarta, það að gera sér dagamun eða bjóða gestum á viðburði í skólanum.

Einnig tekur Jörfi þátt í ýmsum viðburðum utan skóla t.d. margra ára samstarfi við Tónskóla Sigursveins. Börn taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu t.d. með því að börn í Jörfa sem læra á hljóðfæri koma og spila fyrir hin.

Börnin hafa aðgang að opnum efniviði og vinna með hann á fjölbreyttan hátt. Í Jörfa fá þau aðstoð við að leita lausna og eru styrkt í því að það sem þau skapa sjálf sé áhugavert og mikils virði. Slík sköpunarvinna eflir sjálfsmynd og færni barnanna. Myndsköpun í leikskólanum fer fram bæði innan dyra og utan og nýtum við allt endurnýtanlegt efni sem til fellur í skólanum og úr náttúrunni.



Sungið er daglega í samverustundum á hverri deild og þar er jafnframt unnið með þulur, leiki, sögur og ævintýri, tjáningu og framkomu. Þar kynnast börnin einnig fjölbreyttri tónlist og mismunandi hljóðgjöfum, vinna með takt, hljóð og hrynjanda og skapa sjálf eigin tónlist, ljóð og sögur auk þess að vinna með hreyfingu, dans og tjáningu. Sameiginleg söngstund er á föstudögum þar sem lagaval er fjölbreytt og miðað að öllum aldurshópum, yngri börnin læra af þeim eldri og öfugt. Þar æfa börnin einnig kjark og þor og koma fram ein eða í minni eða stærri hópum.



Skólanámskrá Jörfa

Meistararnir eða elstu börn Jörfa hafa lengi tekið þátt í samstarfsverkefni við Tónskóla Sigursveins þar sem þau læra nýja söngva eftir íslensk tónskáld, kynnast hljóðfærum og koma fram á formlegum tónleikum. Einnig fara þau í fræðsluferðir í t.d. leikhús, listasöfn, Sorpu og Árbæjarsafn. Eftir ferðirnar eru unnin verkefni tengd heimsóknunum. Ýmsir listamenn heimsækja Jörfa t.d. leikhópar og tónlistarmenn og hafa skapast hefðir í kring um þær heimsóknir. Börnin í Jörfa heimsækja Kringlusafnið reglulega og einnig lána safnið okkur bókakistur.



Sköpun og menning í Jörfa birtist í eftirfarandi áherslum:

Myndsköpun	➤ Fjölbreyttur efniviður, áhöld og tæki
Tónlist	➤ Söngur, söngstundir, hlustun, hljóðfæri og dans
Leikræn tjáning	➤ Leikur, dans, hlutverkaleikur
Leiksýningar, tónleikar	➤ Leik- og tónlistarsýningar sem heimsækja Jörfa og heimsóknir í leikhúsin
Listaverk og listamenn	➤ Heimsóknir í listasöfn, skoða stytur bæjarins og fræðast um verkin ➤ Önnur verkefni tengd listaverkum
Hefðir og hátíðir	➤ Afmæli Jörfa, ömmu- og afakaffi, dagur íslenskrar tungu, karlakaffi, konukaffi, þjóðhátíð, jól og aðventa, páskar, fjölmeningarvika, afmæli, opið hús, bolludagur, sprengidagur, öskudagur, útskriftarhátíð, sumarhátíð og fleira
Menning	➤ Heimsóknir í listasöfn og leikhús, samstarf við félagsmiðstöð í Hæðargarði og samstarf við Tónskóla Sigursveins

Mat á námi og velferð barna

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mati á leikskólastarfi er skipt í ytra mat og innra mat.

Innra mat

Sjálfsmat er innra mat leikskólans þar sem kennarar endurmeta starf sitt með fjölbreyttum hætti, viðhalda skólaþróun og auka gæði leikskólastarfsins. Mikil áhersla er á að starfsfólk sé meðvitað um að vinnan í leikskólanum endurspegli aðalnámskrá, áherslur skólanámskrár og starfsáætlunar. Á starfsmanna- og deildarfundum er farið yfir ákveðin atriði í starfinu, þau endurmetin og skipulagt út frá því. Í Jörfa er notað símat, viðburðamat, ásamt mati af ýmsum toga sem útbúið hefur verið sérstaklega í Jörfa s.s. félagsfærnimat og mat á verkferlum.

Öll börn á eldri deildum taka einnig þátt í innra mati og eru þau spurð að því hvað þeim finnst um ákveðna þætti í starfinu ásamt því að þau hafa tækifæri til breytingatillagna.

Tvisvar á vetri eru formleg foreldrasamtöl. Í foreldrasamtölum fara deildarstjórar yfir stöðu barnanna ásamt viðkomandi foreldrum. Þar er síðasta tímabil metið og sett markmið fyrir komandi ár. Ef grunur vaknar um þroskafrávik þá vinnur starfsfólk leikskólans í samráði við þjónustumiðstöð um snemmtæka íhlutun og er þá gerð einstaklingáætlun fyrir viðkomandi barn.

Niðurstöður innra mats koma fram í Starfsáætlun Jörfa og eru nýttar til skipulagningar og umbóta á starfi.

Foreldraráð skilar umsögn um starfsáætlun og skóladagatal skólans ár hvert.

Ytra mat leikskóla

Ytra matið er unnið af utanaðkomandi aðila á vegum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Annað hvert ár er lögð rafræn könnun annars vegar fyrir foreldra og hins vegar fyrir kennara þar sem lagt er mat á starf leikskólans.

Fjölskyldan og leikskólinn

Fyrstu skref fjölskyldunnar í leikskólanum byggjast á gagnkvæmum upplýsingum milli skólans og foreldra. Lögð er áhersla á góða samvinnu og að taka vel á móti öllum börnum og foreldrum þeirra. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og menntun barna sinna og þar af leiðandi verður samvinna foreldra og leikskóla að byggjast á gagnkvæmri virðingu í opnum samskiptum. Fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu er sýndur skilningur og virðing.

Raddir barna um ömmur og afa

„Afi minn lagar dótið mitt og ömmur lesa fyrir börnin“.

„Þau fara í ferðalag og tína ber“.

„Þau passa mig og eru góð“



Foreldrar eru ávallt velkomnir í heimsókn í leikskólann. Einnig eru fastir viðburðir og uppákomur sem þeim og öðrum í fjölskyldunni er boðið á sérstaklega svo sem opið hús, bóndakaffi, konukaffi og piparkökumálun. Foreldrafundur er haldinn að hausti þar sem vetrarstarfið er kynnt. Foreldrasamtöl eru haldin tvisvar á ári að hausti og vori. Einnig gefur skólinn út fréttabréf og hagnýtar upplýsingar koma fram á heimasíðu skólans www.jorfinn.is

Aðlögun nýrra barna

Haldinn er kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna með leikskólastjóra og deildarstjóra. Þá er lögð áhersla á að kynna sem best alla starfsemi leikskólans fyrir foreldrum svo sem stefnu skólans, hagnýtar upplýsingar, húsakynni, starfsfólk og aðrar áherslur ásamt því að foreldrar fá afhentar upplýsingar um skólann og skólastarfið.

Í Jörfa er þátttökuaðlögun sem byggir á því að foreldrar og börn þeirra eru saman í leikskólanum í þrjá daga. Aðlögun er sá tími þegar börn og foreldrar kynnst starfsmönnum, börnum, öðrum foreldrum, húsakynnum og daglegu starfi leikskólans. Þegar foreldrar og börn kynnst leikskólanum og starfi hans saman öðlast barnið traust og öryggi í faðmi foreldra. Þannig verða börnin betur í stakk búin til að takast á við leikskólastarfið að aðlögun lokinni.

Foreldrafélag og foreldraráð

Í Jörfa er starfandi foreldrafélag og foreldraráð. Samkvæmt lögum á að starfa foreldraráð við hvern skóla og í því eiga sitja a.m.k. þrír fulltrúar foreldra. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla um skólanámskrá og áætlanir og hvort þeim er framfylgt ásamt öllum meiriháttar breytingum á skólastarfinu.

Starfsemi foreldrafélags Jörfa auðgar starfið í skólanum. Það eflir tengsl foreldra/forráðamanna við starfsemi leikskólans. Foreldrar kjósa sér stjórn á foreldrafundi hvert haust. Stjórn félagsins heldur utan um starfsemi félagsins sem m.a. felur í sér að skipuleggja árvissa viðburði eins og sveitaferð og sumarhátíð en einnig býður foreldrafélagið börnunum upp á leiksýningar og jólaskemmtun í skólanum ásamt fleiri viðburðum.

Tengsl skólastiga

Þegar leikskólabörn skipta um skólastig og fara í grunnskólann verða miklar breytingar í lífi þeirra og fjölskyldna þeirra. Reynsla og rannsóknir hafa sýnt að góð samvinna og tengsl skólastiga veiti börnunum öryggi á þessum tímamótum og því er lögð áhersla á að efla samstarf skólastiganna tveggja.

Breiðagerðisskóli er okkar samstarfsskóli. Meistararnir heimsækja skólann og hitta kennara og börn skólans nokkrum sinnum yfir veturinn ásamt því að börn í fyrsta bekk heimsækja Jörfa.

Markmið samstarfsins er:

- að tengja skólastigin saman
- að kynna grunnskólastarfi
- að skapa samfellu í námi og kennslu barna á þessum tveimur skólastigum
- að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að skipta um skólastig
- að efla kjark og þor
- að hitta gamla félagi

Eldri nemendur Breiðagerðisskóla koma í heimsókn á degi íslenskrar tungu og lesa fyrir börnin í litlum hópum. Þessar heimsóknir eru mjög skemmtilegar.

HLJÓM-2 er skimunartæki til að meta hljóðkerfisvitund barna og gefur það vísbendingar um hugsanlega lestrarörðugleika í framtíðinni. HLJÓM-2 er lagt fyrir öll elstu börn leikskólans að hausti og eftir það er sérstök áhersla lögð á þá þætti sem metnir eru. Það er lagt aftur að vori fyrir þau börn sem koma slök út á haustönn. Niðurstöður prófsins eru afhentar þeim grunnskóla sem barnið fer í ásamt öðrum gögnum og upplýsingum frá leikskólanum um nám og velferð barnsins. Engar upplýsingar eru afhentar milli skólastiga án samþykkis foreldra.

Tengsl við aðrar stofnanir og samfélagið

Í Jörfa læra börnin að hópurinn sem þau tilheyra er ekki bara hópurinn á deildinni heldur allur skólinn og í framhaldi af því, hverfið, borgin og samfélagið allt. Þau læra í samskiptum við aðra hópa í samfélaginu t.d. fara þau oft í heimsóknir í fyrirtæki, söfn og þ.h. og eldri börnin eru í miklu og góðu samstarfi við eldri borgara í félagsmiðstöðinni sem er í næsta húsi við Jörfa. Þar blómstra samskipti milli kynslóða m.a. þegar börnin fara í heimsókn í félagsmiðstöðina nokkrum sinnum á ári og meisturunum er boðið þangað á jólaball þar sem ungir og aldnir dansa saman í kring um jólatréð. Börn á aldrinum 4 til 6 ára fara líka í litlum hópum í heimsókn til „Jonna afa“ sem er með sögustundir fyrir þau í félagsmiðstöðinni.

Starfsáætlun

Starfsáætlun er gerð fyrir hvert skólaár sem nær frá því þegar sumarleyfi skólans líkur og þar til það næsta hefst. Í starfsáætlun er greint frá starfsemi leikskólans, áherslum og hagnýtum upplýsingum. Þar er m.a. fjallað um samsetningu barnahópsins, starfsmannahópinn, samstarf milli skólastiga, samstarf við félagsmiðstöð hverfisins, símenntun, foreldrasamstarf, skipulagsdaga sem eru sex á ári og ný verkefni sem leikskólinn ákveður að vinna að. Einnig koma fram upplýsingar um innra og ytra mat síðasta skólaárs og umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum úr því mati sem unnið var.

Lokaorð

Nú er vinna við námskrá Jörfa lokið og hefur sú vinna verið fróðleg og skemmtileg. Allt starfsfólk kom að vinnu námskrárinnar á skipulagsdögum og öðrum fundum. Nú tekur við vinna við að kynna hana foreldrum og tileinka sér hana í starfi með börnum. Námskrá sem þessi á ætíð að vera lifandi gagn í stöðugri endurskoðun sem og starfið sem hún á að lýsa.

Við viljum þakka öllum kennurum Jörfa fyrir sitt framlag og þeim foreldrum sem lásu námskrána yfir og komu með sín sjónarmið. Nú er bara að taka höndum saman og innleiða nýjar áherslur námskrárinnar og áframhaldandi þróun starfsins á næstu árum.

Höfum það í huga að í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild. Börnunum er sýnd virðing og umhyggja og þau fá hvatningu og viðfangsefni við hæfi. Litið er á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans.

Lesefni sem stuðst er við

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Vefur um réttindi barna, fyrir börn, unglinga og fullorðna.

<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>

Dewey, J. (2000). *Hugsun og menntun*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Gunnar E. Finnbogason (2010). Samfélag – skóli – einstaklingur; Helstu uppeldis- og menntahugmyndir Johns Dewey. Í *John Dewey í hugsun og verki. Menntun, reynsla og lýðræði*. Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar). Reykjavík: RannUng, Heimsspekistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Sótt af

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3952>

Pratt, C. (1990). *I learn from children*. New York: Harper and Row.

Sigrún Helgadóttir. (2013). *Sjálfbærni – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Stefán Jökulsson (2012). *Læsi – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Ritroð um grunnþætti menntunar. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Vináttuverkefni Barnaheilla. Vefur um forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti, ætlað leikskólum. <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir-og-fraedsla/vinatta>

Whitehurst, G.J. og Lonigan, C.J. (1998). Child development and emergent literacy. *Child Development*, 69(3), 848-872. Sótt þann 6. maí 2015 af <http://www.jstor.org/discover/10.2307/1132208?uid=3738288&uid=2&uid=4&sid=21106298982181>

Efni unnið af starfsfólki Jörfa

Ábyrgðarmenn: Bergljót Jóhannsdóttir og Hrönn Þorgeirsdóttir